

2. júlí 1985

493

Nr. 273

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti
Háskóla Íslands.

1. gr.

1. og 2. málsli. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er kr. 200,00 í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 2.400,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 377 13. ágúst 1984.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júlí 1985.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

5. júlí 1985

Nr. 274

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Kleppsmýrarvegur verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Elliðavog.
2. Súðarvogur verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Kleppsmýrarveg og Elliðavog.
3. Einstefnuakstur verður á Laufásvegi frá Bóklhöðustíg að Skálholtsstíg og bifreiðastöður leyfðar beggja vegna á götunni á þeim kafla.
Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. þ. m.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 5. júlí 1985.

Sigurjón Sigurðsson.